

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

68

26. sept.

*Gjört að Bessastöðum, 26. september 1957.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.***AUGLÝSING**

69

27. júlí

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 10. apríl 1957 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1958.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 27. júlí 1957.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.***AUGLÝSING**

70

27. júlí

um framlengingu viðskiptasamkomulags mill Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 27. júní 1957 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1957 til 31. marz 1958. Viðskiptasamkomulag þetta er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 59/1956).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 27. júlí 1957.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

Henrik Sv. Björnsson.